

Hreinsun áhalds skal vera í samræmi við notkun

Spaulding-flokkun er hugmyndafræði sem byggir á að áhöld séu flokkuð eftir sýkingarhættunni sem stafar af notkun þeirra.

Skilgreining	Notkun áhalds	Markmið	Viðeigandi meðferð
Áhættuáhöld Áhöld sem mega ekki bera örverur.	<p>Áhöld sem fara í gegnum húð og inn í bakteríufría líkamsvefi, æðar og slímhúðir.</p> <p>Til dæmis: Skurðáhöld, nálar, ígræddir hlutir, kviðsjár, liðsjár, tannlæknaáhöld, fótaaðgerðaráhöld. (ekki tæmandi listi)</p>	<p>Áhöldin skulu vera dauðhreinsuð (laus við allar örverur, þar með talið sporaform baktería).</p>	<p>Dauðhreinsun</p> <ul style="list-style-type: none"> Áhöldin skulu hreinsuð vandlega með þvotti í höndum og í áhaldapvottavél og þeim pakkað inn á viðeigandi hátt og dauðhreinsuð (eða keypt dauðhreinsuð og hent að notkun lokinni). <ol style="list-style-type: none"> Dauðhreinsun með heitri gufu í sæfi (autoklava) sem uppfyllir gildandi staðla. Lághita dauðhreinsun með sæfiefnum (etýlenoxíð, peracetic acid, hýdrogen peroxíð plasma) í þar til gerðum ofnum sem uppfylla staðla. <p>Ávallt ber að meðhöndla áhöld og tæki samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.</p>
Áhöld í meðaláhættu	<p>Áhöld sem komast í beina eða óbeina snertingu við slímhúð eða rofna húð.</p> <p>Til dæmis: Rectal hitamælar, Sveigjanleg speglunartæki, barkakýlissjá, svæfingabúnaður, legspegill (vaginal specula), sjúkdómsgreinandi myndhermisskannar t.d. vaginal ómhausar. (ekki tæmandi listi)</p>	<p>Áhöldin skulu vera laus við allar örverur í vaxtarformi en sporar geta verið til staðar.</p>	<p>Kröftug sóttgreinsun (hástigs)</p> <ul style="list-style-type: none"> Hreinsa áhöld vandlega með þvotti í höndum og síðan í þar til gerðri þvottavél (ef við á). Alltaf ákjósanlegt að dauðhreinsa síðan tækin, svo fremi að þau þoli meðferðina. Kröftug sóttgreinsun með efnum t.d. glútaraldehyði, orthophthalaldehyði. Með aðferðum sem eru að koma á markaðinn þar til gerð UV-ljós eða hýdrogen peroxíð gufutæki frá Nanosonic. <p>Fylgja ber leiðbeiningum framleiðanda um hreinsun og sóttgreinsun áhaldanna.</p>
Lítill smithætta	<p>Áhöld sem eru í snertingu við heila húð en ekki slímhúðir.</p> <p>Til dæmis: Bekjur, blóðþrýstingsmælar, hlustunarpípur, hækjur, fólkslyftarar, flutningsbekkir, yfirborð borða og stóla. (ekki tæmandi listi)</p>	<p>Áhöldin eiga að vera hrein.</p>	<p>Sóttgreinsun (lágstigs)</p> <ul style="list-style-type: none"> Með hreinsun með sápuvatni <ul style="list-style-type: none"> - í höndum - í þvottavél Með sóttgreinsunarefnum.